

FRÍMÚRARINN



Fréttablað Frímúrarareglunnar á Íslandi

1. tbl. 1. árgangur

Desember 2005




Starf frímúrarans heldur alltaf gildi sínu

- rætt við Sigurð Örn Einarsson,
Stórmeistara Frímúrarareglunnar
á Íslandi - bls. 4

Ævintýralegur kraftur

Þeir sem virkja kraftinn í VW Touareg geta komist nánast hvert sem hugurinn stefnir. Það er bara eitt af mörgu sem gerir þennan jeppa svona magnaðan. Farðu ótroðnar slóðir á kraftmiklum Touareg, t.d. með 313 hestafla V10 TDI, öflugustu díselvél veraldar í fjöldaframleiddum jeppa, eða með V8 bensinvél sem er 4,2 lítra og 310 hestafla. Komdu og finndu kraftinn!



Touareg



Frímúrarinn

Ritstjóri:

Steinar J. Lúðvíksson (X),
netfang: steinar@frodi.is

Ritstjórn:

Einar Einarsson
R&K YAR (ábm.),
netfang: einuna@simnet.is

Björn Kristmundsson (X)

Guðbrandur Magnússon
(IX), netfang:

gagnus@yahoo.com

Steingrímur S. Ólafsson
(VIII), netfang:

denni@islandia.is

Auglýsingar:

Björn Kristmundsson (X)

Klapparhlíð 5,

270 Mosfellsbær

Sími: 553 3847/894 4353

Frímúrarinn:

Greinar sendist til
frimur@centrum.is
merktar „Frímúrarinn“

Útgefandi:

Frímúrarareglan á Íslandi
Skúlagata 53-55,
Pósthólf 5151, 125 Reykjavík

Ritstjórn áskilur sér rétt til
að ritstýra aðsendu efni.

Prentun:

Prentsmiðja Suðurlands,
Selfossi.

Efni greina í blaðinu eru
skoðanir höfunda og þurfa
ekki að vera í samræmi við
skoðanir Reglunnar.

Ritstjórnarpistill

Á ÆR 16. ágúst sl. ákvað SMR, Sigurður Örn Einarsson, að Frímúrarareglan á Íslandi myndi hefja útgáfu fréttablaðs og að það kæmi út tvisvar á ári til að byrja með. Var jafnframt ákveðið að blaðið skyldi heita Frímúrarinn.

Skipuð var ritnefnd og var undirritaður skipaður ábyrgðarmaður blaðsins en aðrir í ritnefnd eru háttuppl. br. Steinar J. Lúðvíksson, sem jafnframt er ritstjóri, háttuppl. br. Björn Kristmundsson, uppl. br. Guðbrandur Magnússon og hæstl. br. Steingrímur S. Ólafsson.

Það er von ritnefndar að með tilkomu þessa blaðs muni tengsl bræðranna eflast, ekki aðeins við Regluna sjálfa, heldur einnig bræðra í millum. Það eru margir bræður sem ekki hafa tók á því að mæta á fundi bæði



vegna veikinda eða vegna aldurs og því ætti blaðið að tengja þá enn betur Reglunni. Útgáfan ætti jafnframt að geta haft jákvæð áhrif á þá bræður sem ekki hafa séð sér fært að mæta um tíma því oft er erfitt að hafa sig í að fara á fundi eftir slík frí.

Greinar verða skrifaðar þannig að allir geti lesið blaðið, ekki einungis Frímúrarar, heldur og almenningur allur. Við höfum gott

myndasafn og bræður eru duglegir að taka myndir og því verður blaðið myndum skrytt og sagt verður frá ýmsu því sem br. eru að gera í sínum frítímum, s.s. ferðalögum og tómstundagamni. Að auki verða auglýsingar frá ýmsum aðilum í blaðinu og þannig er hægt að senda öllum br. á landinu blaðið þeim að kostnaðarlausu.

Um leið og ritnefnd óskar Frímúrarareglunni á Íslandi til hamingju með þennan áfanga í starfi hennar vonum við að útgáfa Frímúrarans megi verða þeim sem blaðið lesa til ánægju.

*Einar Einarsson
R&K YAR*

Nýr stúkusalur á Sauðárkróki

Laugardaginn 5. nóvember 2005 vígði SMR, Sigurður Örn Einarsson, ásamt ÆKR, Þóri Stephensen, nýjan stúkusal á Sauðárkróki. Voru þar saman komnir 136 bræður víðs vegar af landinu. Mikið starf

hefur átt sér stað síðast liðnar vikur og voru oft 20 til 30 bræður við vinnu á kvöldin og um helgar. Stúkusalurinn og húsakynninn öll eru stórglæsileg og Mælifellsbræðrum til mikils sóma.



Frá vinstri: Birgir Ágústsson Stm Huldar, Skúli Ágústsson RFH, Aðalsteinn V. Júlíusson Y.St.Stu, Sigurður Örn Einarsson SMR, Páll Dagbjartsson Stm Mælifells og Eiríkur P. Sveinsson Stm Stúart st. á Akureyri.

Starf frímúrarans heldur alltaf gildi sínu

- rætt við Sigurð Örn Einarsson, Stórmeistara Frímúrarareglunnar á Íslandi

Með þétu handtaki og hlýju yfirbragði tekur Sigurður Örn Einarsson, Stórmeistari Frímúrarareglunnar á Íslandi, á móti útsendum Frímúrarans sem heimsækja hann á skrifstofu hans í Frímúrarahúsinu. Sigurður Örn hafði haft í mörg horn að líta dagana áður, stjórnað minningarhátíð Landsstúkunnar, heimsótt hverja stúkuna af annarri og vígt nýtt húsnæði frímúrarara á Sauðárkróki. Hann brosir þegar minnst er á þetta og segir að það sé mikil gróska í frímúrararstarfinu og þegar húsnæðið á Sauðárkróki berst í tal segir hann að nú, eins og oft áður, geri bræðurnir hina ótrúlegustu hluti. „Þeir eru ekki nema rúmlega 80, en húsnæðið sem þeir hafa komið sér upp er í einu orði sagt stórglæsilegt,“ segir hann. Hann nefnir einnig að allir þeir fundir sem hann hafi sótt hjá stúkunum hafi verið fjölsóttir og ánægjulegir. „Ég tel þetta til marks um það að sú hugsjón sem Frímúrarareglan stendur fyrir sé síður en svo á undanhaldi. Við vitum að það reynist æ erfiðara að fá fólk til þess að ganga í félög og taka virkan þátt í starfsemi þeirra. Yfir slíku þarf Frímúrarareglan ekki að kvarta. Aðsókn að henni er góð og bið eftir því að komast inn er í sumum tilvikum jafnvel í lengra lagi.“

Sigurður Örn Einarsson tók við embætti Stórmeistara Frímúrarareglunnar á Íslandi (SMR) 6. febrúar árið 1999. Þá hafði hann verið frímúrarari í um tuttugu og sjö ár og hafði allt frá því að hann tók meistarastigið gegnt ýmsum embættum í Reglunni, bæði í Jóhannesarstúku og í Landsstúkunni. Starf SMR er krefjandi og vandasamt. Frímúrarareglan er ein af fjölmennari félagsamtökum landsins, hin félagslega uppbygging hennar er í sjálfu sér töluvert flókin og byggir á gömlu siðakerfi auk

þess sem stúkur eru starfandi víða um land. SMR þarf óneitanlega að halda í marga þræði í félagsstarfinu og vera vakandi, ekki aðeins yfir velferð félaganna, bræðranna, heldur einnig yfir öllu starfi Reglunnar. Bræður í Reglunni eru á einu máli um að þær skyldur hafi Sigurður Örn rækt af mikilli festu og jafnframt ljúfmennsku og yfirlætisleysi. Sjálfur segir hann að Frímúrarareglan hafi veitt sér mikið og sé sér mikils virði. „Það er auðvitað erfitt að vera dómari í eigin máli,“ segir hann, „en ég hef lagt mig fram við það að breyta ekki framkomu minni gagnvart bræðrunum þótt mér hafi verið falin sú ábyrgð og það traust að gegna þessu embætti. Ég vil vera bróðir bræðra minna en geri mér auðvitað grein fyrir því að viðhorf þeirra til mín kann að hafa breyst og bræður bera virðingu fyrir embættinu sem slíku.“

Borinn og barnfæddur Reykvíkingur

Sigurður Örn er Reykvíkingur í húð og hár. „Ég er fæddur árið 1935 í Vesturbænum, átti heima vestast á Öldugötunni fyrstu 11 ár ævinnar, en þá flutti fjölskyldan í Þingholtin.“ Foreldrar Sigurðar Arnar voru hjónin Einar Jónsson sem var yfirrentari í Ríkisprentsmiðjunni Gutenberg nær alla sína starfsævi, og Jórunn Þórðardóttir. Hún var lærð hárgreiðslukona og starfaði við þá iðn þangað til hún giftist og stofnaði heimili en eftir það voru heimilisstörf starfsvettvangur hennar.

„Mitt barnaskólanám var í Miðbæjarskólanum, fyrir utan eitt ár sem ég var í Melaskólanum, sem þá var nýstofnaður,“ segir Sigurður Örn. „Að barnaskólanum loknum fór ég í Ingimarsskólann sem þá var við Lindargötu og síðan fór ég í Gagnfræðaskóla Austurbæjar og

lauk þaðan landsprófi miðskóla voríð 1952. Á þessum tíma var það ekki sjálfgefið að unglingar héldu áfram skólagöngu þótt þeir tækju landspróf. Það þótti hins vegar sjálfsagt að allir færu að vinna eftir gagnfræðaskóla, það gerði ég líka og hugsaði ekki frekar um nám í bili. Ég byrjaði sem vikapiltur í Verslun Vald Poulsen en þá réði Ingvar Kjartansson þar ríkjum, góður og gegn frímúrarari. Þarna var gott að vera og ég lærði mikið. Ingvar hlúði að þeim sem störfuðu hjá honum og fól þeim ábyrgð. Þótt ég væri ekki nema sextán ára fékk ég að vinna flest störf sem til féllu, lærði að sinna banka- og tollamálum og þegar Ingvar fór í frí fól hann mér að ganga frá uppgjörum og öðru slíku.“

Meðan Sigurður Örn var að vinna hjá Poulsen sótti hann námskeið hjá Veðurstofunni, gekkst undir próf, sem hann stóðst með sóma og var í framhaldi af því boðin vinna sem aðstoðarmaður veðurfræðinga.

„Ég hóf störf hjá Veðurstofunni í ársbyrjun 1953. Þá voru skrifstofur hennar í Sjómannaskólanum, en ég vann í gamla flugturninum á Reykjavíkflugvelli. Þetta var líka lærdómsríkur tími. Meðal þess sem ég gerði var að lesa veðurfréttir í útvarpið og er mér það minnisstætt að ég fékk það hlutverk að morgni þjóðhátíðardagsins, 17. júní. Ég var búinn að sitja lengi í gluggalausum herberginu og var ekki alveg með á nótunum hvað tímanum leið því þarna um morguninn endaði ég lesturinn með því að bjóða hlustendum góða nótt! Nokkuð sem ég skammaðist mín mikið fyrir að hafa gert.“

Frá flugturninum lá leiðin síðan suður á Keflavíkflugvöll. „Þar var rekin sameiginleg veðurstofa af Íslendingum og Bandaríkjamönnum. Ég vann á vöktum og

líkaði starfið vel, ekki síst að því leyti að þarna fékk ég gott tækifæri til þess að læra ensku, og naut þess æ síðan.“

Bankastarfið hafið

Á þessum árum starfaði Sigurður Örn töluvert í KFUM, sem var mjög öflugur og eftirsóttur félagsskapur í Reykjavík. Þar kynntist hann fjölda manna og meðal þeirra sem hann stofnaði til góðs vinskapar við var Árni Sigurjónsson starfsmaður í Landsbankanum.

„Það var í apríl 1954 sem Árni hafði orð á því við mig hvort ég hefði ekki áhuga á því að söðla um og fara að vinna í Landsbankanum. Ég svaraði eitthvað á þá leið að ég hefði heyrt að þar væri ágætt að vera. - Því ekki það? Hugsaði svo ekkert meira um málið. Nokkru síðar var ég nýkominn heim af næturvakt suður í Keflavík, skriðinn upp í rúm og var farinn að sofa, þegar móðir mín kom inn til mín, vakti mig og sagði að það væri síminn. Einhver frá Landsbankanum væri í símanum. Mikið rétt, það var Svanbjörn Frímannsson þá aðalbókari, sem spurði hvort ég gæti ekki skotist til sín í viðtal. Ég dreif mig til fundar við hann og spjölluðum við saman góða stund. Samtali okkar lauk ekki á því að hann byði mér vinnu, heldur spurði hvenær ég gæti byrjað. Og 18. maí 1954 hóf ég störf í bankanum og bankastörf urðu síðan ævistarf mitt því við þau vann ég allt til þess að ég ákvað að fara á eftirlaun í lok mars 1998.“

Var lánaður - en ekki skilað

Sigurður Örn hóf störf í bókhaldsdeild Landsbankans og kundi allt frá byrjun vel við sig í starfinu. Árið 1957 varð sú skipulagsbreyting á bankanum að honum var skipt upp. Annars vegar var um að ræða Landsbankann sem viðskiptabanka og hins vegar var stofnaður, Landsbankinn - Seðlabankinn. Í Seðlabankanum voru tveir bankastjórar, Vilhjálmur Þór sem var aðalbankastjóri og Jón Maríasson sem var bankastjóri viðskiptabankans. Með stofnun

Seðlabankans sneri Vilhjálmur sér til Svanbjörns Frímannssonar og spurði hann hvort hann ætti ekki einhvern ungan mann sem hann gæti lánað sér til þess að setja upp bókhald fyrir erlend viðskipti og annast sambönd við erlenda aðila.

„Vilhjálmur fékk mig lánaðan mér var aldrei skilað aftur til Landsbankans,“ segir Sigurður Örn. Raunar spurði Svanbjörn Vilhjálm

Seðlabankinn var ekki umfangsmikil stofnun í fyrstu en var síðan falið aukið hlutverk í peninga- og hagstjórnarmálum Íslendinga. Sigurður Örn annaðist allt frá fyrstu tíð einkum samskipti við erlenda aðila og til þess að geta rækt það starf betur hélt hann vestur um haf og stundaði bankanám í New York. „Ég fór til Bandaríkjanna í ársbyrjun 1960 og stundaði nám



„Ég sagði við hann í gríni að eina leiðin væri að hann kæmi til mín“

að því einhverju sinni löngu síðar hvort hann ætlaði ekki að fara að skila Sigurði Erni en fékk það svar að það yrði aldrei. Svanbjörn varð síðar seðlabankastjóri og sagði ég þá við hann í gríni að svona væri þetta nú. „Eina leiðin til þess að við næðum saman aftur væri sú að hann kæmi til mín!“

bæði hjá First National City Bank og Federal Reserve Bank of New York. Ég kvæntist í árslok 1959 Kristínu Þ. Ágústsdóttur. Foreldrar hennar voru Ágúst Jónsson bakarameistari og síðar kaupmaður og Jóhanna A. Eyjólfsdóttir. Kristín kom með mér vestur - notaði tækifærið meðal annars til þess að læra þar ensku.

Fyrsta heimili okkar var því í New York og miðað við nútímann þætti það sjálfsagt kotbúskapur. Við leigðum eitt herbergi og eldhús á Long Island. Í minningunni er þetta skemmtilegur tími og þá var talsvert öðru vísi um að litast í New York heldur en er núna.

Sigurður Örn vann sig upp í bankanum og þegar skrifstofustjórarstarf þar var auglýst sótti hann um. „Ég fékk starfið og tók við því 1. september 1967, þá 32 ára að aldri. Nú finnst manni að þeir sem eru 32 ára séu nánast unglingar, en þegar þetta varð þóttist ég sannarlega fær í flestan sjó. Þessu starfi gegndi ég alveg fram að starfslokum mínum í bankanum.“

Auk starfa sinna í bankanum var Sigurður kosinn fyrsti formaður Starfsmannafélags Seðlabankans árið 1962 og síðan árið 1963 formaður Sambands íslenskra bankamanna og var hann þar í stjórn til ársins 1969.

„Meinarðu það?“

Sigurður Örn kynntist og gekk í Frímúrararegluna vegna tengsla sinna við bankamennina.

„Ég var sannarlega ekki að hugsa um að ganga í Frímúrararegluna. Vissi þó að bæði Vilhjálmur Þór og Svanbjörn voru bræður í Reglunni og störfuðu þar mikið. Í bankanum vann ég beint fyrir Vilhjálmi og okkur varð vel til vana. Vilhjálmur var mjög eftirminnilegur maður og formlegur. Það var t.d. ekki sjálfgefið að vera „dús“ við hann. Og allt sem hann gerði var gert af ákveðni og festu. Það heyrðist stundum að hann væri stífur og öngur, en það var mikill misskilningur. Hann var í senn mannþekkjari og mannvínur. Menn mistúlkuðu framkomu hans m.a. vegna þess að hann heyrði illa og var að auki með skerta sjón á öðru auga og horfði því stundum einkennilega á menn.“

Sem fyrr segir varð okkur vel til vana og höfðum töluverðan samgang. Það var árið 1971, eftir að Vilhjálmur var hættur í bankanum og orðinn sjúklingur, að við Kristín buðum honum og Rannveigu, konu hans, heim til okkar. Þetta var að hausti til og við buðum upp á slátur.

Eftir matinn settumst við inn í stofu og spjölluðum saman. Þá fór Rannveig að tala um Frímúrararegluna. Ég spurði margs og Vilhjálmur svaraði eftir því sem honum hentaði. Eftir að þau hjón voru farin hélt ég áfram að hugsa og þegar Vilhjálmur kom í heimsókn til mín í bankann daginn eftir sagði ég honum að ég hefði verið að hugsa um samtalið í gærkvöldi og hvort hann vildi mæla með mér í Regluna. Vilhjálmur þagði andartak, leit síðan til mín og sagði eins og honum einum var lagið:

- Meinarðu það?

- Ég meina það, svaraði ég.

- Já, það skal ég gera, svaraði hann.

Og ekki þarf að orðlengja þetta frekar. Vilhjálmur gekk í málið. Hann fékk Svanbjörn Frímansson til þess að vera meðmælandi með sér og 1. febrúar árið 1972 gekk ég í St. Jóh. Eddu. Það var Ásgeir Magnússon, þáverandi stólmeistari Eddu og síðar Stórmeistari Frímúrarareglunnar sem tók mig upp.“

Sigurður Örn tók meðbræðra- og meistarastigið í Eddu, en flutti sig síðan í nýstofnaða stúku St. Jóh. Glitni.

„Verið var að stofna St. Jóh. Glitni og hafði Árna Gestssyni verið falið það hlutverk. Hann kom til mín og spurði hvort ég vildi gerast stofnfélagi í Glitni og jafnframt taka að mér annaðhvort varaféhirðis- eða vararitarastarf í stúkunni. Ég var Árna þakklátur fyrir að gefa mér þetta tækifæri og valdi að verða vararitari. St. Jóh. Glitnir var stofnuð 11. janúar 1975 og frá þeim tíma hef ég gegnt embættum í Frímúrarareglunni. Mál atvikuðust þannig að ég varð fljótt ritari stúkunnar þar sem sá maður sem falið hafði verið það embætti, Jón Hjálmarsson, féll frá. Síðar var ég kjörinn varameistari í Glitni og 24. nóvember árið 1982 var ég kjörinn stólmeistari og gegndi því embætti fram til 27. apríl árið 1988. Á Stórhátíð það ár hafði ég verið gerður að stórritari Landsstúkunnar og árið 1989 var ég skipaður Innsigliðsvörður Reglunnar og nokkrum árum síðar Dróttseti Stórmeistarans og gegndi þeim embættum uns ég var kjörinn

Stórmeistari Frímúrarareglunnar og settur í það embætti 6. febrúar árið 1999.“

Sigurður Örn segist sannarlega ekki hafa gert ráð fyrir að standa frammi fyrir því að taka þetta embætti að sér. „Frá því að ég gekk í Frímúrararegluna hef ég aðeins haft það eina markmið að vera trúr þeim hugsjónum sem hún stendur fyrir - að vera góður bróðir. Þau embætti sem ég hef gegnt í Reglunni hafa aðrir fært mér, eða trúað mér fyrir. Ég átti ekki von á því að vera kjörinn Stórmeistari. Gerði mér samt grein fyrir því þegar nálgaðist kjörfund að þessi staða gæti komið upp. Menn voru farnir að nefna þetta við mig. Mér fannst sjálfum að ég hefði ekki þann bakgrunn sem með þyrfti. Þetta var svipað og þegar ég var kjörinn stólmeistari í Glitni. Þar tók ég við af mönnum sem hvor á sinn hátt mörkuðu spor í frímúrarastarfinu. Árni Gestsson var mikill skipuleggjandi og Guðmundur Sveinsson sem tók við af honum mikill orator. Ég verð að viðurkenna að þegar kjörinu lauk, úrslitin lágu fyrir og ég stóð upp og þakkaði það traust sem mér hafði verið sýnt þá var ég með kökk í hálsinum. Það eina sem ég hugsaði um þá var að reyna að standa undir þeirri ábyrgð og trausti sem mér var sýnt og ég vona sannarlega að mér hafi tekist það“.

Frímúrarareglan heldur gildi sínu

Nú er talinu vikið að Frímúrarareglunni. Sú spurning er lögð fyrir Sigurð Örn hvort hann telji að slíkur félagsskapur sem hún eigi sama erindi og hljómgrunn nú og áður, þar sem upplýst nútíma þjóðfélag geri kröfur um að allt sem heitir leynd sé afhjúpað.

„Frímúrarareglan hefur haldið gildi sínu gegnum aldirnar einfaldlega vegna þess að það sem hún stendur fyrir fellur aldrei úr gildi meðan maðurinn sækir í að þroska sig og reynir að öðlast skilning á gildum sínum og sjálfum sér. Auðvitað breytast tímarnir og kröfur vaxa um að allt sé gegnsætt. Ég hef verið þeirrar skoðunar að það skaði ekki Frímúrararegluna að

upplýsa fólk fyrir hvað hún stendur, og ég hef breytt samkvæmt þeirri skoðun minni. Hugsjónir Reglunnar hafa ekki verið og eru ekki leyndarmál. Vegna þess að við höldum okkar siðakerfi og fundarsíðum fyrir okkur hefur Frímúrarareglan verið stimpluð sem leyniregla og það hefur boðið upp á neikvæða umræðu og rang-

- Eru þessar hugmyndir ekki einnig tilkomnar vegna bræðralagshugsjónar Reglunnar?

„Örugglega,“ svarar Sigurður Örn. „Vissulega byggir Frímúrarareglan á bræðralagi, bræðurnir veita hver öðrum stuðning og vináttu og ég leyfi mér að fullyrða

öðrum til fyrirmyndar. Og Frímúrarareglan sem slík tekur ekki afstöðu til dægurmála. Í grundvallarlögum hennar sem flestir geta haft aðgang að eru t.d. ákvæði um að trúmál og stjórnsmál séu ekki til umræðu innan hennar.“

Dyrnar opnaðar


Undir forystu Sigurðar Arnar hefur orðið töluverð breyting á aðgengi almennings að Frímúrarareglunni. Það má segja að á ýmsan hátt hafi dyr Reglunnar verið opnaðar. Sigurður Örn er spurður um tilgang þessa.

Hann byrjar á því að ítreka að grundvallarhugsjónir Reglunnar séu ekki leyndarmál og bætir svo við:

„Það er rétt að við höfum verið að stíga skref til þess að upplýsa fólk um Frímúrararegluna sem félagsskap. Það var einkum gert í tengslum við 50 ára afmæli hennar hér á Íslandi, en þá héldum við blaðamannafund í Regluheimilinu, gáfum út bækling og héldum sérstakan hátíðarfund í Borgarleikhúsinu og buðum þangað fjölda fólks. Í tengslum við svokallaða menningarnótt hér í höfuðborginni í ágúst sl. tókum við þá ákvörðun að hafa hér opið hús og taka á móti þeim sem vildu kynna sér Regluna. Aðsóknin kom okkur algjörlega á óvart, því á fjórum klukkustundum komu um 1.400 manns. Ég held að það segi sína sögu um að við náðum markmiðum okkar að allir þeir sem héðan fóru þá höfðu jákvæða afstöðu til félagsskaparins, burtséð frá því hver viðhorfin voru þegar þeir komu. Ég held að það sé ekkert vafamál, að það, að opna dyrnar meira en áður hafði verið gert, hafi eytt þeirri neikvæðu umræðu sem óneitanlega var oft til staðar. Þetta hefur skapað jákvæðari viðhorf í samfélaginu og aukið skilning á því sem við gerum hér.“

Sigurður Örn er spurður að því hvort hann telji að þessar aðgerðir verði þá ekki jafnframt til þess að sú dulúð sem löngum hefur verið yfir Reglunni fjari út - dulúð sem hafði óneitanlega aðdráttarafl.

„Það er rétt að dulúðin yfir Frímúrarareglunni hefur ekki bara



„Kynning á Reglunni hefur orðið til að minnka ranghugmyndir um hana“

hugmyndir um hana. Hér áður fyrr var t.d. talað mikið um að Frímúrarareglan væri samtryggingarfélag og þeir sem í hana gengju væru hólpnir bæði fjárhagslega og á öðrum sviðum og kannski hafa einhverjir gengið í Regluna beinlínis vegna einhverra slíkra hugmynda.“

að sú vináttu er á margan hátt öðru vísi en sú vináttu sem stofnast til venjulega. Bræðraböndin ná þó fyrst og fremst til þess að menn styðji hvern annan í viðleitninni að verða betri menn. Reglan setur bræðrunum líka ströng skilyrði og gerir kröfur um að út á við séu þeir

verið neikvæð. Við höldum henni eftir sem áður því aðferðafræðin við að nálgast sett markmið er leyndarmál okkar. Kosturinn við að opna umræðu um Regluna og auka upplýsingar um hana felst ekki síst í því að nú vita menn sem ganga inn í Regluna meira um hana en áður. Löngum var það svo að menn höfðu ekki hugmynd um í hvaða félagsskap þeir voru að ganga þegar þeir sóttu um í Regluna og höfðu jafnvel ranghugmyndir. Það er því varla vafamál að sumir urðu fyrir miklum vonbrigðum og heltust fljótt úr lestinni. Það er svo með Frímúrararegluna sem önnur félög. Sumir þeirra sem ganga inn finna einfaldlega ekki samhljóm við það sem er að gerast og hverfa á braut. Ég segi hiklaust að það eru mér vonbrigði hversu margir félagar í Reglunni eru óvirkir.“

Sigurður Örn segir að á undanförunum árum hafi ýmislegt verið gert til þess að auðvelda félögum virkan þátt í starfinu.

„Hér áður fyrr var algengt að halda fundi á laugardögum á ákveðnum stigum. Með breyttu þjóðfélagi fann maður að helgarnar vildu menn frekar hafa fyrir sjálfa sig og fjölskyldu sína og því var ákveðið að færa umrædda fundi yfir á hefðbundna fundardaga. Ég hef alltaf verið þeirrar skoðunar að menn eigi að setja fjölskyldu sína í fyrirrúm og ekkert megi hindra það. Svo má einfaldlega ekki yfirkeyra menn hvorki félagslega eða fjárhagslega því þá er hætta á að

menn hopi af hólmi og hætti að láta sjá sig.“

Mikill áhugi á andlegum málefnum

Enn er talinu vikið að grundvelli Frímúrarareglunnar og þeirri hugsjón sem hún byggir á, mannræktarhugsjóninni.

„Það hefur alltaf verið styrkur Frímúrarareglunnar á Íslandi að í henni hafa starfað menn sem hafa haft brennandi áhuga á hugsjónum Reglunnar og hafa sökkt sér niður í fræði hennar,“ segir Sigurður Örn. „Þessir menn hafa verið tilbúnir að miðla öðrum af þekkingu sinni og skilið eftir óafmáanleg spor og áhrif. Sem betur fer er ekkert lát á þessari fróðleiksfýsn. Ég hef rækilega orðið var við það í heimsóknum mínum í stúkurnar að þar eru menn sem leggja mikla vinnu í að rannsaka fræði Reglunnar og leggja út frá þeim. Kannski verður hraði og spenna nútímans og sókn í hin veraldlegu gæði til þess að þörfin eykst fyrir að kanna það sem er ekki fyrir allra augum og snýst ekki síst um hin siðferðilegu og kristnu lífsgildi og uppbyggingu mannsins. Frímúrararfræðin geta í senn vakið margar spurningar og svarað mörgum spurningum. Það fer eftir hverjum og einum hvernig þau svör eru metin en heildaráhrifin eiga að vera og eru tvímælalaust þau að menn læra betur að þekja sjálfa sig og það á svo að skila sér út í samfélagið.“

Að lokum

Það væri hægt að ræða endalaust við Sigurð Örn um Frímúrararegluna. En nú verður stuttu spjalli að ljúka. Sigurður Örn var á förum vestur um haf, til Bandaríkjanna, þar sem hann dvelur nokkra mánuði á ári, ásamt Kristínu, eiginkonu sinni. Hún kom ekki heim með honum að þessu sinni, heldur notaði tækifærið til þess að heimsækja dóttir þeirra hjóna, sem búsett er í Chicago.

„Við hjónin eigum tvær dætur, segir Sigurður Örn.“ Eldri dóttir okkar er Jórunn Þóra, sem fædd er árið 1963. Hún er gift Einari Magnúsi Ólafssyni, sem á og rekur Heildverslun Ólafs Guðnasonar, og eiga þau tvö börn, Helgu Kristínu og Sigurð Örn, sem eru níu og átta ára. Yngri dóttir okkar, Jóhanna Ágústa er fædd 1967. Hún er gift Axel Nielsen og þau hafa verið búsett í Chicago undanfarin þrjú ár, þar sem hann starfar hjá fyrirtæki á vegum Íslenskrar erfðagreiningar, deCode Genetics.

Ög þá var aðeins eftir að þakka Sigurði Erni fyrir spjallið og óska honum góðrar ferðar.



OPIÐ

virka daga 9.15-16.00
Digranesgata 2

HRAÐBANKAR SPM


- Hyrnan
- Hyrnutorg
- Digranesgata 2
- Viðskiptaháskólinn Bifröst



SPARISJÓÐUR MÝRASÝSLU - HORNSTEINN Í HÉRAÐI

Digranesgata 2 • 310 Borgarnes • Sími 430 7500 • Fax 430 7501 • spm@spm.is • www.spm.is

Allt frá (pípu)hatti oní (lakk)skó



ADAM

Laugavegi 47 • S: 551 7575 og 552 9122

Vel heppnað Landsmót frímúrara í golfi var Ísfirðingum til mikils sóma!

Landsmót Frímúrara, fjölskyldumót, var haldið laugardaginn 6. ágúst sl. á Ísafirði. Það var Frímanna golfklúbbur frímúrara sem stóð fyrir mótinu en Njálubræður báru hitann og þungann af keppninni sem tókst í alla staði frábærliga. Sjöttú og fimm

Að lokinni myndatöku við gatnamótin að Flateyri var haldið aftur inn í göngin, stöðvað í stóru útskoti og lagið tekið við frábæran hljómburð.

Að óvissuferðinni lokinni var boðið í stórkostlega sjávarréttaveislu í Frímúrarahúsinu. Var

áhrif á spilahraðann. En þar sem veðrið lék við keppendur var stemningin góð og samskipti milli holla lífleg. Helst voru það lágforgjafarfólkið sem missti einbeitinguna og kom það augljóslega fram á skorkortunum í mótslok. Segja

Sigurðssyni, Njálubr. og framkv.stj. Golfklúbbs Ísafjarðar heiðursviðurkenningu Frímanna fyrir frábært starf við undirbúning og framkvæmd Landsmótsins 2005. Að því loknu tilkynnti Guðmundur að Landsmót frímúrara 2006 muni fara fram í Leirunni á Suðurnesjum þriðju helgina í ágúst.

Stjórn Frímanna vill nota þetta tækifæri og þakka Gylfa Sigurðssyni og öllum öðrum Njálubr. sem lögðu hönd á plóg við undirbúning og framkvæmd Landsmóts frímúrara 2005. Fórnfýsi þeirra og dugnaður var með þeim hætti að slíkt verður seint leikið eftir.



Hópurinn sem þátt tók í óvissuferðinni. Myndin er tekin við Flateyrarvegamótin, skammt frá suðurmunna Vestfjarðarganganna.

keppendur voru skráðir til leiks; bræður, systur og niðjar (börn, tengdabörn og barnabörn).

Formleg dagskrá mótisins hófst kl. 18.00 á föstudeginum 5. ágúst á því að Ísfirðingarnir buðu í óvissuferð. Farið var á tveimur rútum um bæinn og haldið inn í Vestfjarðagöngin. Fararstjórar voru í báðum rútum og lýstu þeir því sem fyrir augu þar með fróðleik og glettni. Í miðjum göngunum var stöðvað og haldið inn í lítinn sal þar sem úr berginu gusaðist foss. Fjórir sekúndulítrar af vatni sprautuðust út um sprungu og steiptust undir fætur ferðafólksins.

Það mál manna að annað eins veisluborð hefði sjaldan ef nokkurn tíman verið fram borið á Íslandi. Þmsir héldu því fram að þetta hefði verið hápunktur Landsmótshátíðarinnar. Matreiðslumeistarinn Birgir og sonur hans slógu þarna eftirminnilega í gegn.

Sól og blíða tók á móti keppendum á laugardagsmorguninn þegar mótið hófst og hélst blíðan út daginn. Ræst var af öllum teigum um tíuleitið og hófst þá frekar langur golfdagur því spilamennskan gekk hægt. Fjöldi keppenda var mun meiri en reiknað hafði verið með og hafði það

má með sanni að úrslitin hafi því í einhverjum tilfellum verið óvænt.

Um kvöldið var haldið á ný í Frímúrarahúsið og verðlaun veitt undir frábærum hátíðarkvöldverði sem samanstóð af blönduðum sjávarréttum í forrétt, Bayonskinku í aðalrétt og jarðarberjaköku með rjóma í eftirrétt. Aftur sló Birgir matreiðslumeistari sjúkrahússins í gegn. Veislugestir voru farnir að ræða sín á milli að það gæti ekki verið svo slæmt að veikjast á Ísafirði!

Kvöldinu lauk síðan með því að Guðmundur S. Guðmundsson, formaður Frímanna, veitti Gylfa

Úrslit úr Landsmóti frímúrara, fjölskyldumóti.

Úrslit:

A flokkur karla án forgjafar:

1. Björgvin Ragnarsson 81 högg
2. Sigurgeir Þórarinnsson 82 högg
3. Guðlaugur Guðlaugsson 82 högg

A flokkur karla með forgjöf:

1. Jóhann Króknes Torfason 70 högg
2. Aðalsteinn Rafn Richter 73 högg
3. Gylfi Sigurðsson 73 högg

B flokkur karla:

1. Skúli Berg 36 punktar
2. Einar Jónatansson 36 punktar
3. Kristján Helgason 35 punktar

Kvennaflokkur:

1. Jóhanna Valdimarsdóttir 41 punktar
2. Sólrún Steindórsdóttir 35 punktar
3. Kristín Karlsdóttir 33 punktar

Niðjaflokkur:

1. Magnús Helgi Guðmundsson 31 punktar
2. Friðgeir Atli Arnarsson 30 punktar

Stúkukeppni:

- B sveit Njálu: 104 Punktar
Björn Helgason - Kristján Helgason
Þórir Prastarson - Skúli Berg



Golfklúbbur frímúrara og fjölskyldna þeirra

Í nóvember 2001 var Frímúrarinn, golfklúbbur frímúrara, stofnaður. Mímisbróðirinn Guðmundur S. Guðmundsson var kosinn formaður og hefur hann gegnt því embætti síðan. Tilgangur og markmið klúbbsins er að glæða og viðhalda áhuga frímúrara og fjölskyldna þeirra á golfíþróttinni. Félagið stendur fyrir golfmótum og annarri félagsstarfsemi sem tengist íþróttinni. Félagsmenn eru orðnir vel á fjórða hundraðið. Innan Frímúrarinn eru kylfingar af báðum kynjum, á öllum aldri, allt frá byrjendum til meistaraflokksmanna og eru þeir búsettir víða um

landið. Flestir félagarnir í Frímúrarinn eru auk þess félagar í hinum ýmsu golfklúbbum. Frímúrarinn hefur staðið fyrir alls kyns félagsstarfsemi s.s. golfmótum, golfnámskeiðum, reglunámskeiðum o.fl.

Í ársbyrjun 2002 gerði Frímúrarinn samstarfssamning við Golfklúbb Bakka-kots og koma frímúrarar talsvert að starfsemi. Formaður GOB er Anton Bjarnason Vm í Glitni.

Frímúrarinn er ekki hefðbundinn golfklúbbur að því leiti að hann rekur ekki golfvöll sjálfur. Hins vegar er Frímúrarinn aðili að Golfklúbbi Bakkakots eins og áður er getið og bjóðast

frímúrárum viss sérkjör þar. Félagsgjöldin í Frímúrarinn eru kr. 2.500 fyrir bræður og kr. 1.000 fyrir hvern fjölskyldumeðlim. Ef þú ert frímúrarinn og vilt gerast félagi í Frímúrarinn getur þú sent tölvupóst til Björns Karlssonar, bkhm@simnet.is fírhirðis Frímúrarinn eða hringt til hans í síma 862 0636.

Tilgreina þarf nafn, heimili, póstnr. stúku, forgjöf, klúbb (ef umsækjandi er félagi í golfklúbb), kennitölu, heimasíma, vinnusíma, farsíma og netfang.

Frá skrifstofunni

Athugið að hægt er að tilkynna breytingar á heimilisfangi, netfangi, heimasíma, vinnusíma og gsm síma á netfangi skrifstofunnar frimur@centrum.is

Ætíð er hægt að kaupa minningarkort Styrktarsjóðs Frímúrarareglunnar á Íslandi á aðalskrifstofu, annað tveggja í síma 551-1599 eða á netfangi hennar frimur@centrum.is

Tilvalið er að ánafa Frímúrararásjóðnum þegar bræður eiga merkisafmæli með því að hafa samband við aðalskrifstofu sem sér um framkvæmd þessa.

✠ In Memoriam ✠

Gylfi Árnason - EDDA - IX

03.06.1939- 09.10.1979 - ✠ 13.01.2005

Gunnar Friðriksson - MÍMIR - X

29.11.1913 - 23.11.1953 - ✠ 14.01.2005

Sigurgeir Jónsson - MÍMIR - VIII

11.04.1921 - 20.10.1958 - ✠ 26.01.2005

Kjartan R. Jóhannsson - RÚN - X

17.06.1924 - 25.01.1950 - ✠ 31.01.2005

Haraldur Á. Guðmundss. - HAMAR - X

02.02.1929 - 24.01.1967 - ✠ 05.02.2005

Guðbrandur Sigurgeirsson - RÚN - X

16.08.1930 - 23.01.1957 - ✠ 12.2.2005

Samúel J. L. Valberg - GIMLI - X

19.07.1920 - 05.03.1973 - ✠ 12.02.2005

Friðrik Andrésson - EDDA - IX

09.03.1933 - 15.03.1983 - ✠ 17.02.2005

Jóhann V. Sigurjónsson - EDDA - X

23.01.1925 - 12.01.1951 - ✠ 17.02.2005

Haraldur Guðbergss. - MÆLIFELL - IX

14.11.1949 - 12.10.1977 - ✠ 18.02.2005

Ólafur Jónsson - RÖÐULL - X

29.03.1922 - 26.09.1966 - ✠ 18.02.2005

Porkell Jóhannesson - HAMAR - VII

20.07.1925 - 01.11.1964 - ✠ 20.02.2005

Bjarni J. Rafnar - RÚN - X

26.01.1922 - 16.07.1948 - ✠ 06.03.2005

Björn Ólafsson - HAMAR - VIII

26.08.1939 - 27.03.1984 - ✠ 12.03.2005

Sigurjón Sæmundsson - RÚN - X

05.05.1912 - 24.06.1970 - ✠ 17.03.2005

Guðlaugur Jónsson - MÍMIR - VIII

02.06.1915 - 24.11.1958 - ✠ 19.03.2005

Daníel G. Guðmundss. - MÍMIR - VIII

10.08.1916 - 19.03.1979 - ✠ 22.03.2005

Jóhann Friðjónsson - GIMLI - IX

13.03.1928 - 11.10.1982 - ✠ 08.04.2005

Árni Þór Jónsson - GIMLI - IX

25.04.1920 - 17.02.1964 - ✠ 15.04.2005

Gísli Jóhann Sigurðsson - EDDA - X

08.11.1913 - 26.01.1945 - ✠ 25.04.2005

Guðgeir Ágústsson - MÍMIR - X

13.07.1927 - 08.02.1965 - ✠ 10.05.2005

Guðjón Guðnason - GIMLI - VIII

02.09.1930 - 07.01.1985 - ✠ 10.05.2005

Sigurjón G. Sigurjónsson - MÍMIR - X

12.09.1943 - 08.03.1975 - ✠ 20.05.2005

Björn K. Kristjánsson - RÚN - VII

14.11.1941 - 05.12.1979 - ✠ 18.06.2005

Ragnar Fjalar Lárusson - GIMLI - X

15.06.1927 - 04.11.1964 - ✠ 26.06.2005

Hjörtur Benediktsson - MÍMIR - III

14.12.1944 - 06.04.1987 - ✠ 29.06.2005

Páll Pétursson - EDDA - VIII

12.01.1938 - 12.11.1982 - ✠ 03.07.2005

Jón Sæmundsson - EDDA - IX

03.06.1923 - 23.04.1991 - ✠ 17.07.2005

Baldvin Jóhannesson - MÍMIR - X

16.12.1928 - 30.01.1967 - ✠ 21.07.2005

Sigurður Sívertsson - EDDA - IX

10.08.1931 - 19.01.1965 - ✠ 01.08.2005

Ægir Ólafsson - EDDA - IX

10.03.1912 - 04.04.1978 - ✠ 18.08.2005

Jónas Óskar Halldórsson - EDDA - X

13.06.1914 - 26.09.1947 - ✠ 10.09.2005

Svavar A. Sigurðsson - EDDA - VI

18.09.1945 - 12.01.1999 - ✠ 27.09.2005

Vilhjálmur Jónsson - GIMLI - R&K

09.09.1919 - 28.03.1955 - ✠ 30.09.2005

Pétur Jóhannesson - MÍMIR - IX

04.06.1923 - 07.11.1960 - ✠ 02.10.2005



LLOYD skórnir fást í **galleri sautján** Laugavegi 91 s.512 1718

Loftræstikerfi



Kerrusmíði



Ál og Stálsmíði



Öll almenn blikksmíðavinna

BLIKKSMÍÐJAN
BORG ehf.

Flugumýri 8 • 270 Mosfellsbæ
Sími: 587 6040 • Fax: 587 6045
Framkvæmdastjóri: Sigurður B Hansen

Sérmerkt í
golfið

Margt smátt
AUGLÝSINGAVÖRUR
BOLUR

Guðriðarstíg 6-8, 113 Reykjavík, Sími: 585 3500, Fax: 585 3510
www.margtsmatt.is office@margtsmatt.is

Opið hús á menningarnótt

Frímúrarahúsið var opið almenningi á menningarnótt í ágúst sl. og komu tæplega 1.400 manns og skoðuðu húsið þann tíma sem opið var. Sjötú bræður tóku á móti gestum sem gátu farið í skoðunarferð undir leiðsögn. Jafnframt skiptust fjórir organistar á að spila fyrir gesti og gangandi. Bæklingum var útbýtt, kaffi og kökur voru á boðstólnum og nokkurra mínútna langt myndband um sögu Frímúrarreglunnar á Íslandi var í spilun.

Óhætt er að segja að viðbrögðin við þessu opna húsi hafi farið fram úr björtustu vonum og er óhætt að segja að allir hafi yfirgefið húsið ánægðir og sáttir.



Jóhannes 2005

Frímúrarareglan á Íslandi hélt veglegan fræðslufund laugar daginn 29. október sl undir heitinu „Jóhannes 2005.“ Var þetta fundur á fyrstu þremur stigunum og hófst með sameiginlegum hluta í hátíðarsal með ávarpi SMR, Sigurðar Arnar Einarssonar. Þá fjallaði YAR, Einar Einarsson oddviti fræðaráðs, um ráðið og undirstofnanir þess og Bent Bjarnason vara oddviti stúkuráðs fjallaði um starfsemi þess og tengd málefni. Þá flutti Ragnar Öundurson, stólmeistari Gimli fróðlegt erindi um tölvísi áður en Sr. Örn Bárður Jónsson stýrði umræðum um það málefni.

Eftir léttu máltíð skiptust bræðurnir svo í þrjá hópa í stigbundna hluta fundarins. Var

fræðsludagurinn afar vel sóttur og voru rúmlega 230 bræður sem kynntu sér þarna margvísleg málefni, hugmyndir og túlkningar á margvíslegu frímúrararefni.

Er óhætt að taka undir með þeim fjölmörgu sem þökkuðu fyrir gott framtak og létu í ljós þá ósk sína að framhald mætti verða á fundum sem þessum.



Fagmennska

í fasteignaviðskiptum



Sími: 511-1555



FBJ

FASTEIGNASALA
Brynjólfs Jónssonar





Frímúrarakórinn

Frímúrarar leggja metnað í flutning tónlistar í starfi sínu. Á fundum og skemmtunum innan Reglunnar er mikið um söng og hljóðfæraleik, enda á hún því láni að fagna að hafa fjölda tónlistarmanna í sínum röðum.

Einn af föstum liðum í tónlistarstarfi frímúrarara er kórsöngur. Síðan 1993 hefur starfað fullskipaður karlakór sem ber heitið Frímúrarakórinn, en hann var stofnaður 30. janúar 1993. Áður hafði hópur frímúrarara sungið við ýmis tækifæri en Jón Stefánsson, organisti og Gunnlaugur V. Snævarr höfðu svo forgöngu um að stofna formlegan kór á grunni þessa hóps en Gunnlaugur varð fyrsti formaður hans.

Eins og gefur að skilja er starf kórsins í nokkuð föstum ramma þar sem hann starfar fyrst og fremst innan Frímúrarareglunnar. Hann fer í heimsóknir í einstakar stúkur og oftsinnis koma beiðnir um söng frá stúkunum vegna hátíðarfunda eða sérstakra viðburða á þeirra vegum. Sumar stúkur hafa sérstaka tónlistarfundir og hefur kórinn komið fram á slíkum fundum ásamt öðrum tónlistarmönnum.

Á árlegri Regluhátíð kemur kórinn alltaf og leiðir þar söng sem þykir auka á hátíðleika þessa dags.

Kórinn heldur tónleika á hverju starfsári



og eru þeir einskonar „akkerisfesti“ í starfsemi hans. Tónleikarnir eru haldnir síðla vetrar í Hátíðarsal Reglunnar. Hin síðari ár hafa þeir verið opnir öllum almenningi og hafa verið fjölsóttir. Kirkjuferðir skipa fastan sess í starfi kórsins og heimsækir hann a.m.k. eina kirkju á hverju ári þar sem sungið er í almennri guðsþjónustu.

Frímúrarakórinn hefur farið í tónleikaferðir á flestum starfsárum. Farnar hafa verið tónleikaferðir til Akureyrar og Ísafjarðar og á s.l. vori voru sungnir tónleikar á Húsavík og Sauðárkróki. Á síðasta ári tók kórinn þátt í fjölsóttum styrktartónleikum í Háskólabíói en það var í fyrsta sinn

sem kórinn hefur komið fram af slíku tilefni.

Frímúrarakórinn hefur átt því láni að fagna að hafa ætíð haft góða söngstjóra. Fjöl margir söngstjórar hafa

leitt kórinn á starfsferlinum og má þar nefna, Jón Stefánsson, Guðna Guðmundsson, Helga Bragason, Gylfa Gunnarsson, Úlrik Ólason, Garðar Cortez, Jónas Þóri Jónasson en núverandi kórstjóri er Jón Kristin Cortez.

Með kórnum hafa komið fram ýmsir þekktir tónlistarmenn s.s. söngvararnir Friðbjörn G. Jónsson, Kristinn Hallsson, Eiríkur Hreinn Helgason, Garðar Cortez, Guðbjörn Guðbjörnsson og hljóðfærarleikararnir Jónas Dagbjartsson, Hjörleifur Valsson, Tatu Kantomaa, Ingrid Karlsdóttir, Björn R. Einarsson, Árni Scheving og Árni Ísleifs.

Um þessar mundir eru á félagaskrá kórsins

u.þ.b. 50 félagar. Hins vegar eru alla jafnan ekki nema 35-40 sem skipa kórinn hverju sinni og mæta reglulega á æfingar.

Í Frímúrarakórnum ríkir metnaður og sífellt er verið að takast á við ný viðfangsefni. Þetta er umfram allt skemmtilegur félagsskapur þar sem ríkir bræðræpel og gefandi starfsandi. Þessum kór, eins og öðrum, er nauðsyn á endurnýjun. Því er kórnum nauðsynlegt að fá til liðs við sig nýja söngmenn.

Allir Reglubræður sem áhuga hafa á söng eru hvattir til að gefa sig fram og koma til liðs við kórinn og njóta þessa skemmtilega og gefandi starfs. Kórinn hefur fastan æfingatíma sem er á laugardagsmorgnum kl 10 til 12:30 í Regluheimilinu.

Núverandi stjórn kórsins skipa Kristján Jón Eysteinnsson formaður, Sigmundur Örn Arngrímsson ritari, Grímur Sigurðsson gjaldkeri, Theodór Blöndal og Þórarinn Þórarinsson meðstjórnendur.

Kristján Eysteinnsson



**BAYLINER
288**

www.velasalan.is

Landsins mesta úrval skemmtibáta.
Pantaðu strax og tryggðu þér
óskabátinn fyrir vorið.



VÉLASALAN

Ánanaust 1 - Sími 580 5300
velasalan@velasalan.is



Sako og Tikka Riflar

**Byssuskápar frá
Remington og Novcan**



Veidiland

Flugumýri 8 - 270 Mosfellsbæ
Sími: 588 6830 - Fax: 588 5835
Vefsíða: www.veidiland.is

Íslenskt handverk
efnismiklir og vandaðir hringar
smíðaðir af Ívari Björnssyni,

*láttu sjá þig
við töskun vel á móti þér!*

Áttundu gráðu hringur



bjóðum alla gull og silfursmíði,
sérsmíði, leturgröft
og viðgerðir.

Frimúrarahringurinn



hver hringur
er númeraður
og skráður

Gull & Demantar
ÍVAR BJÖRNSSON
GULLSMÍÐUR OG LETURGRAFARI
Skólavörðustíg 2 - sími 562 2222 & 551 1290 - fax 562 2282

Andleg leit

Trú og kirkjurækni eru ekki það sama. Trúarbragðafræðingum nútímans ber saman um, að við Evrópumenn a.m.k. getum ekki talist kirkjuræknir, en að kynslóð okkar einkennist af andlegri leit. Sú leit ber því vitni, að menn skynji andlegan veruleika að baki alheiminum, þó að þeir séu ekki reiðubúnir að fella hann fyrirhafnarlaust í form átrúnaðar og þar af leiðandi trúarjátninga. Vísa Bjarna Jónssonar skálda á því við enn í dag:

*Aldrei var svo heiðið hold
hér eða þar á jarðarmold,
að ekki bæri á því skil,
að einhver væri drottinn til.*

Menn fara ýmsar leiðir í leit sinni að andlegum sannindum og lífsgildum. Oft er þar talað um tvennt sem mikilvægast, leitina að ljósi og sannleika. Í ljósinu finna menn kærleikann, mildina, tillitssemina. Að baki sannleikanum sjáum við bæði réttlæti og jafnrétti. Þannig mætti lengi telja.

Frímúrarareglan er ein af þeim hreyfingum, sem vilja styðja menn í andlegri leit, leiða þá æ nær höfundu lífsins og þeim lífseigindum, sem gefa mest í andans sjóði. Hún er ótrúlega fundvís á það sem opnar hugann og kennir manninum í senn að þekkja sjálfan sig og átta sig betur á skyldunum við samfélagið.



Sr. Þórir Stephensen

Í alfræðritum lesum við, að Reglan eigi uppruna sinn í gildum (iðnfélögum) steinsmiða, er stóðu að því að reisa dómkirkjur og önnur stærstu musteri miðalda. Er samdráttur varð í slíkum kirkjubyggingum, hófu sum þessara gilda að taka inn heiðursfélaga til þess að vega á móti fækkun félagsmanna. Fyrir þá urðu verkfæri og áhöld steinsmiðanna, múraranna, fyrst og fremst tákn fyrir starfið í gildunum, sem þá var farið að kalla stúkur.

Þannig varð til mikið táknmal og tilheyrandi fræði, sem mótuðust í tímans rás. Starfið þróaðist einkum á 17. öldinni. Árið 1717 urðu til landsamtök slíkra stúkna í Englandi, er fyrsta stórstúkan var stofnuð í London.

Þess er jafnframt getið, að frímúrarar eigi einnig rætur í reglu Musterisriddara, sem var stofnuð í krossferðunum á 12. öld, var mjög öflug í 200 ár, en hvarf svo af sjónarsviðinu í byrjun 14. aldar.

Þriðja rótin er svo langelst, sú sem talin er sækja næringu sína í launhelgar Grikkja og Egípta, eða a.m.k. sex árpúsund aftur í tímann.

Hreyfingin hefur farið víða og ýmis frímúrarakerfi hafa orðið til. Frímúrarareglan á Íslandi tilheyrir hinu s.k. sænska kerfi, því eina, er gerir kristna trú að inngönguskilyrði.

Frímúrarar hafa ætíð verið kenndir við frjálsa hugsun. M.a. þess vegna hefur Reglan verið bönnuð í öllum einræðisríkjum.

Að frátalinni þessari þekkingu renna menn býsna blint í sjóinn, þegar þeir ganga í Frímúrararegluna. Þeim er þó sagt, að Reglan sé mannræktarhreyfing á kristnum trúargrunni. Við það er rækilega staðið, sem og hitt, stuðning við andlega leit.

Bróðurkærleikur

Fræðaráð Frímúrarareglunnar á Íslandi hefur gefið út ritið „Bróðurkærleikur“ og fjallar ritið um mannleg samskipti í anda þeirrar tillitssemi, vináttu og kærleika sem Grundvallarskipan Frímúrarareglunnar á Íslandi gerir ráð fyrir að ríki meðal bræðranna.

Það er von Fræðaráðs að ritið geti orðið sem flestum bræðrum gagnlegt, gefandi og leið-

beinandi lesning og kannski ráðgefandi við aðstæður sem kunna að skapast og eru framandi.

Ritið er selt á kostnaðarverði kr. 850 og er til sölu á bræðrastofu í Regluheimilinu í Reykjavík, hjá Sm. St. Jóh.stúknanna eða skrifstofu Reglunnar.

Fræðaráð

† Minningargrein um Vilhjálmm Jónsson

Það eru rétt tæp 50 ár síðan sá sem þessar línur ritar fór á fyrsta fund sinn með þáverandi lögmanni Samvinnuþrygginga með sitt fyrsta alvarlega uppgjör bifreiðatjóns til að ræða væntanlegar niðurstöður þess við lögmanninn og mikil var í fyrstu undrun tjónauppgjörsmannsins, þegar í ljós kom að lögmaður tryggingarfélagsins reyndist í upphafi fundar vera flytjandi og túlkandi raka tjónþolans, en ekki raka tryggingarfélagsins.

Niðurstaðan í fundarlok var eftir nokkuð skörp skoðanaskipti okkar í millum sanngjörn og vel rökstudd ákvörðun, sem ég man vel að tjónþoli sætti sig alveg við, þótt honum hafi vafalaust fundist að sinn hlutur hefði mátt vera meiri.

Þessi litli fundur var upphaf kunningsskapar og síðar góðrar vináttu okkar Vilhjálms Jónssonar meðan báðir lifðu, en fundurinn lýsti á margan hátt mjög vel vinnubrögðum og vandvirkni Vilhjálms í störfum sínum. Þar þurfti alltaf að sjá allar hliðar málsins, rökinn með og ekkert síður á móti til að öðlast þá heildarsýn, er leiddi til grundaðrar, sanngjarnrar og ef kostur var endanlegrar niðurstöðu þess máls sem til umfjöllunar var hverju sinni.

Hann Vilhjálmmur var rökfastur og sanngjarn, en einnig bæði einarður



og ef þörf var á harðskeyttur málafylgju maður, en ætíð mannglegur og raungóður, sérstaklega þeim sem honum þóttu standa höllum fæti.

Þúmsir mistóku sig á því að halda að þessi grannvaxni og oft fátalaði maður væri næsta meðfærilegur og ekki viðnámsmikill, en fóru þar verulega villir vegar, því að þar fór maður með „stálfjöður í baki“ og mikinn viljastyrk.

Ég átti þess kost að eiga samstarf við Vilhjálmm Jónsson á hinu félagslega sviði, bæði meðan við enn áttum pólitíska samleið, sem og innan Reglu frímúrara til fjölda ára.

Hann var alls staðar eftirsóttur til starfa, öflugur framkvæmdamaður, en jafnframt varfærinn og fyrirhyggjusamur, manna-sættir, þegar honum

þótti þess við þurfa, maður yfirgripsmikillar þekkingar á sviðum hins venjulega mannlífs og margvíslegra viðskipta auk sérþekkingar sinnar um lögfræðileg efni. Það var enginn einsamall eða fálíðaður, sem átti Vilhjálmm Jónsson að samverkamanni eða fylgismanni, þess sá víða stað og mun enda lengi í minnum haft.

Vilhjálmmur Jónsson barst ekki mikið á né flutti langar ræður á mannfundum, en þegar hann tók til máls hafði hann skoðun, átti tillögur og/eða ábendingar og það var alltaf á hann hlustað, þótt auðvitað eins og verða vill kunnur menn ekki alltaf að nýta sér gagnlegar tillögur.

Ég veit að mörgum, sem lítt þekktu Vilhjálmm fannst hann fálátur og ekki of aðgengilegur. Raunin var nú samt sú,

að þar sem hann var, eins og ég þekkti hann, var hann glaðvær, launfyndinn og hlýlegur maður, aðgætinn, e.t.v. nokkuð dulur, en ráðagóður og ráðhollur.

Ég þykist vita að aðrir muni gera lögfræðistörfum Vilhjálms og öðrum áhugamálum hans skil, sem og fjölskylduhögum, en það er á þessum tímamótum gott að minnast samskipta við Vilhjálmm og konu hans, Katrínu S. Egilsdóttur, á vegum þeirra stofnana og félagsamtaka, sem við áttum samleið um, enda voru þau hjón samhent um þægilegt viðmót, laust við mannamun, en ríkt af fágun og kurteisí.

Vilhjálmmur missti konu sína árið 2001 og varð síðan fyrir því áfalli á heilsu sína er nú hefur leitt hann til dauða, en hvoru tveggju áföllin bar hann af hugarró og skapfestu, sem honum var svo lagin.

Ég veit að ég mæli fyrir munn fjölmargra bræðra hans og félaga innan Reglu okkar, þegar ég þakka honum samveruna og samstarfið og alla hans framgöngu á þeim vegum.

Fjölskyldu Vilhjálms flyt ég einlæggar samúdarkveðjur og sjálfum honum þakka ég áratuga samskipti og vináttu og óska honum guðsblessunar á þeim vegum sem við báðir trúðum að hann eigi nú leið um.

Einar Birnir.

Ef þú verslar á Netinu...

...hafðu þá vaðið fyrir neðan þig

Verified by
VISA

4000 0014 3456 7899



Fáðu sent lykilorð svo að þú getir nýtt þér vottun VISA (Verified by VISA)

Ef þú verslar á Netinu getur þú búist við að verða beðin/n um lykilorð til að staðfesta að þú sért réttur eigandi að VISA-korti þínu. Notkun á vottun VISA er einföld og ókeypis. VISA veitir þjónustuna til að auka öryggi í verslun á Netinu. Það eina sem þú þarft að gera er að sækja um vottun VISA á heimasíðunni <http://www.visa.is> og þú færð lykilorðið sent heim.

VISA

Öryggi og þægindi!



fettbjör



Egils Premium – gefðu þér góðan tíma!

Sá besti – úr íslensku byggi!

Ólgerðin Egill Skallagrímsson setti nýlega á markað Egils Premium, gæðabjör sem býr yfir góðu jafnvægi, mikilli fyllingu en litilli beiskju. Egils Premium hefur fengið frábærar viðtökur.

Egils Premium skartar besta fánlega hráefni, þar á meðal íslensku byggi, og aldagamlar aðferðir eru viðhafðar við bruggunina. Alúðin sem fer í bruggun Premium endurspeglar þann metnað sem verið hefur aðalsmerki Ólgerðarinnar í heila öld og aðferðin tekur mið af bruggun í upprunalandi gullna lagerbjörsins, Tékklandi.

Bruggunarferli Egils Premium er lengra en annarra bjóra. Björinn er tvímeskjaður og gerjunin hægari. Allt þetta skilar sér í gullnum úrvalsbjör með sterkan karakter, mykt í bragði og góða fyllingu.

